



## flokksstarfið

### Hafnarfjörður



Skrifstofa Framsóknarfélaganna er flutt að Lækjargötu 32. Viðtalstími bæjarfulltrúa og nefndarmanna er alla mánudaga kl. 18-19.

### Viðtalstímar alþingismanna og borgarfulltrúa Framsóknarflokksins



Alfred Þorsteinsson, borgarfulltrúi verður til viðtals á skrifstofu Framsóknarflokksins, Rauðarárstíg 18, laugardaginn 9. okt. kl. 10-12.

### Húsvíkingar —

#### Þingeyingar



Stefán Valgeirsson, alþingismaður, verður til viðtals á skrifstofu Framsóknarflokksins á Húsavík þriðjudaginn 5. október n.k. kl. 17-19.

### Reykjaneskjördæmi

Fundur verður haldinn í fulltrúaráði Kjördæmissambands framsóknarmanna í Reykjaneskjördæmi fimmtudaginn 7. október n.k. kl. 20.30 í Iðnaðarmannahúsinu við Linnetsstíg í Hafnarfirði. Jón Skaftason, alþingismaður og Þráinn Valdimarsson framkvæmdastjóri mæta á fundinum. Ariðandi er, að allir mæti. Stjórn. K.F.R.

### Húsvíkingar

Frá 1. október að telja verður skrifstofa Framsóknarflokksins á Húsavík opin á miðvikudögum og fimmtudögum milli kl. 18 og 19 og á laugardögum milli kl. 17 og 19. Bæjarfulltrúar flokksins verða til viðtals á skrifstofunni á miðvikudögum kl. 18 til 19, og eru bæjarbúar hvattir til að notfæra sér þá þjónustu.

### FUF Reykjavík OPÍÐ HÚS

Stjórn Félags ungra framsóknarmanna í Reykjavík verður til viðtals á skrifstofu félagsins að Rauðarárstíg 18 laugardaginn 9. okt. milli kl. 14 og 17. Félagar fjölmennir og takið með ykkur gesti. Kaffi. Stjórnin.



## Kanaríeyjar

Ferðir 16. okt. til 6. nóv. og 27. nóv. hefst önnur 3. vikna ferð.

Hafið samband við skrifstofuna Rauðarárstíg 18. Reykjavík sími 24480.

### Framsóknarvist og dans

Spiluð verður framsóknarvist í Súlnasal Hótel Sögu fimmtudaginn 7. október og hefst kl. 20.30. Húsið opnað kl. 20.00 Dans á eftir. Þetta er fyrri vistin af tveim, sem spilaðar verða fyrir áramót.

Framsóknarfélag Reykjavíkur.

### Dalvíkingar - Svarfdælingar

Stefán Valgeirsson, alþingismaður, verður til viðtals í Jóninubúð föstudaginn 8. október kl. 14.00-18.00. — Stjórnin.

### Austur-Húnavetningar



Héraðsmót Framsóknarmanna í Austur-Húnavatnssýslu verður haldið í Félagsheimilinu Blönduósi laugardaginn 16. október kl. 21.00.

Stutt ávörp flytja Halldór E. Sigurðsson, landbúnaðarráðherra. Dagbjört Höskuldsdóttir og Pétur Einarsson, varaformaður SUF.

Hinn frábæri töframaður Baldur Brjánnsson skemmtir. Hljóm-sveitin Upplyfting leikur fyrir dansi.

### Dalvík

Framsóknarfélag Dalvíkur heldur fund í Jóninubúð föstudaginn 8. október kl. 21.00.

Dagskrá: I. Kosning fulltrúa á kjördæmisþing.

II. Félagsstarfið á komandi vetri.

III. Stefán Valgeirsson, alþingismaður, ræðir um landsmál og fleira. — Stjórnin.

7

### Hörður

Grænlandsfarinu á sólbjörtum degi, að ef til vill ætti ekki að útskrifa fólk úr listaskólum og arkitektaskólum, nema senda það fyrst norður í Diskó til að sjá milljón tonna ísjaka og allt niður í hina minnstu frostrós. Enda hefur það komið á daginn, að Eskimóar þurfa ekki á listaskólum að halda til þess að vera meira en hlutgengir í heimslífinni, því að þeir hafa áður nefnd form fyrir augunum alla daga, sem sé hringi, ferninga,

þríhyrninga og línur — og þeir hafa „óbundnar hendur“.

A sýningu Harðar Agústssonar er að finna sumar af staðreyndum Diskó-bugtar. Af henni má draga ýmsa þá lærdóma sem þar er að finna. Til að mynda hvað magnið hefur mikið að segja, hvernig litir blandast án þess að þeim sé hrært saman í dós eða á pallettu, hvernig heildin er byggð upp af smámunum og svo mætti lengi telja. Þess vegna ættu allir áhugamenn og iðkendur myndlistar að leggja leið sína á Kjarvalsstaði og gefa sér góðan tíma til að hlada sig upp af staðreyndunum um formið og litinn.

Hörður Agústsson hefur nú verið starfandi myndlistarmaður í á að gizka 35 ár. Á þeim tíma hafa flestir myndlistarmenn fyrir löngu fundið horn fyrir sig til þess að hirast í og senda fólk tóninn. Aðrir standa í miðjum hlíðum, eða á einhverjum lágum tindum eða ganga einstigi. Það heitir að hasla sér völl, og þá er unnið í stofufangelsi alla daga. Sú viðleitni Harðar Agústssonar að leita sífellt nýrra leiða án þess að koma í hús fyrir fullt og fast, verður að teljast aðáunarverð.

Jónas Guðmundsson

**Hleðslu- og startæki**  
6, 12 og 24 volt

**MV-búðin**  
Suðurlandsbraut 12  
Sími 8-50-52.

**Góðar mjólkurkúr**

til sölu. Upplýsingar gefur Helgi Þórarinsson, Alviðru Ölfusi, einnig hey á sama stað óbundið.

### Óskilahross

Í Hraunhreppi er í óskilum hryssa, 3ja - 4ja vetra gömul, jörp með stjörnu, ómörkuð.

Hafi enginn sannað eignarrétt sinn á hryssunni að 10 dögum liðnum frá birtingu þessarar auglýsingar, verður hryssan seld.

Hreppstjórinn í Hraunhreppi Helgi Gíslason, Tröðum.

8

### Þorskseiði

enn ekki fengið leyfi til að hefja þær, af fyrrgreindum ástæðum.

Þorskseiðin, sem veiðt hafa, eru frá því í vor og um 7-11 cm á stærð. Síldin sem veiðt hefur er aftur á móti um 2-3 ára gömul. Það hefur ekki orðið vart við jafn mikið seiðamagn í Húnaflóa síðastliðin 15-20 ár eins og núna. Jafnvel við bryggjur, bæði á Skagaströnd og á Hólmarvík, hafa menn orðið mikið varir við seiðin. Ástæðan er fyrst og fremst talin sú, að klak tókst vel í vor, og jafnvel er talið að uppeiddisskilyrði séu stórlega að batna í flóanum.

Gera menn sér vonir um að hann nýtist nú enn betur en áður sem uppeiddissvæði, enda hefur flóinn verið friðaður dýpra út en áður var. Fyrr á árum voru góðar hrygningastöðvar í Húnaflóa.

Hins vegar er ekki talið ráðlegt að veða rækju á meðan aðstæðurnar eru þessar, svo sem lýst hefur verið, og því verður beðið eftir niðurstöðum rannsóknar Drafnar, þar til frekari ákvörðun verður tekin.

3

### Viðivangur

legan viðskilnað þessara 5 fyrirtækja við skuldunauta sína er enn ekki vitað, enda aðeins eitt af þessum 5 fyrirtækjum enn gert gjaldþrota, og á þessu eina gjaldþroti er uppgjöri enn ekki lokið.

Ekki sýnist vanþörf á að rannsaka þessa einkennilegu starfsemi. Hér er verkefni fyrir „óháða“ atvinnuþlámenn, sem vert er að vinna að. — a.p.

2

### Sparar

orðið afskiptir með framkvæmdir og áhrif.

— Mikill aukakostnaður hefur hlotizt af því, að ekki hefur verið unnt að samræma framkvæmdir í vegamálum milli einstakra sveitarfélaga, sagði Heimir, — tæki, sem notuð eru við þessar framkvæmdir eru líka mjög dýr í innkaupi og hvað varðar t.d. blöndunarstöðvar þá tekur allt að 6-10 daga að taka þær niður, svo að eitthvað sé nefnt. Ef hins vegar væri hægt að ganga skipulega að þessum málum, væri hægt að blanda mikið magn af ollumöl á einum stað og flytja það síðan á hagkvæman hátt til nærliggjandi staða. Í dag eru sveitarfélögin að ráðast í framkvæmdir eitt og eitt, en sum geta það ekki vegna fjármagnsleysis.

Heimir sagði, að hugmyndin væri m.a., að landsfyrirtækið útvegði sveitarfélögunum lán til að standa stráum af lagningu slitlagsins. En einnig væri nauðsynlegt að útvega Ollumöl h/f nokkurs konar afurðalán til að framleiða slitlagsefni á lager. Unnt er að geyma ollumöl í haugum árum saman, án þess að það geri efni nokkurn skaða.

— Það hefur enginn áhili í landinu haft efni á slíku hingað til, sagði Heimir, en þegar sveitarfélögin standa sameinuð í þessu, er það mögulegt að fjármagna framkvæmdir af þessu tagi.

Ollumöl h/f var stofnuð 1970. Rekstur þess var í upphafi miðaður við þarfir sveitarfélaga á Reykjanesi, en það sýndi sig fljótlega, að verkefni voru einnig brýn úti um landsbyggðina. Til þess að geta sinnt þeim verkefnum, sem eru venjulega framkvæmd á sama tíma árs, þurfti fyrirtækið að fjárfesta mjög mikið í blöndunarsamstæðum og geymum bæði föstum og færanlegum. Fjárhagsstaða fyrirtækisins varð með tímanum mjög erfið, en árið 1975 mun verða góð útkoma og stafar það m.a. af hagkvæmni í flutningum.

Hugmyndir þær, sem Ollumöl h/f hefur gert sér um væntanlegt samstarf við Norðurbraut, eru m.a. þær að komið verði fyrir færanlegum ollugeymum, sem taka um 200 tonn, á Norðurlandi, til affermingar úr asfaltþramma. Einnig, að tiltæk verði ein blöndunarsamstæða á Norðurlandi, og þá mun einnig verða keypt litil og handhæg blöndunarvél til að annast viðhald og smærri verk.